

1991 nr. 17 20. mars**Lög um einkaleyfi****I. kafli. Almenn ákvæði.**

■ **1. gr.** Rétt til að fá einkaleyfi fyrir uppfinningu samkvæmt lögum þessum hefur uppfinningamaður eða sá sem hefur öðlast rétt hans. Einkaleyfi er veitt eftir umsókn fyrir uppfinningu sem hagnýta má í atvinnulífi. Leyfið veitir einkarétt til að hagnýta uppfinninguna í atvinskyni.

□ Helstu nýjungar, sem ekki verða taldar til uppfinninga, eru þær sem eingöngu varða:

1. Uppgötvanir, vísindakenningar og stærðfræðiaðferðir.
2. Listræn verk.
3. Skipulag, reglur eða aðferðir við hugarstarfsemi, leiki eða atvinnustarfsemi eða forrit fyrir tölvur.
4. Miðlun upplýsinga.

□ Aðferðir við handlækningar, endurhæfingu eða sjúkdómsgreiningu á mönnum eða dýrum verða heldur ekki taldar til uppfinninga. Þetta er þó ekki því til fyrirstöðu að veita megi einkaleyfi fyrir tækjum og afurðum til nota við þessar aðferðir, þar á meðal fyrir efnun og efnablöndum.

□ Einkaleyfi má ekki veita fyrir:

1. Uppfinningum sem stríða mundu gegn siðgæði eða allsherjarreglu.

2. Plöntu- eða dýraafbrigðum eða aðferðum við að framleiða plöntur eða dýr sem eru aðallega líffræðilegar. Þó má veita einkaleyfi fyrir aðferðum á sviði örverufræði og afurðum slíkra aðferða.

■ **2. gr.** Einkaleyfi verður einungis veitt fyrir uppfinningum sem eru nýjar með tilliti til þess sem þekkt er fyrir umsóknardag og eru að auki frábrugðnar því í verulegum atriðum.

□ Það telst þekkt sem almennur aðgangur er að í rituðu máli, fyrirlestur, með hagnýtingu eða á annan hátt. Einnig telst efni einkaleyfisumsóknar, sem lögð hefur verið inn hér á landi fyrir umsóknardag annarrar umsóknar, þekkt ef aðgangur verður almennur að fyrri umsókninni samkvæmt reglum 22. gr. Skilyrðið í 1. mgr. um að uppfinningin sé í verulegum atriðum frábrugðin því sem þekkt er gildir þó ekki gagnvart efni slíkrar umsóknar.

□ Umsóknir, sem um er fjallað í III. kafla, skulu í sérstökum tilvikum hafa sömu áhrif hér á landi og um er rætt í 2. mgr., sbr. 29. og 38. gr.

□ Skilyrði í 1. mgr. um að uppfinningar skuli vera nýjar er ekki því til fyrirstöðu að veitt verði einkaleyfi fyrir þekktu efni eða efnablöndum til notkunar við aðferðir þær sem nefndar eru í 3. mgr. 1. gr. svo fremi sem efnið eða efnablöndurnar eru ekki þekktar við einhverjar þessara aðferða.

□ Einkaleyfi má veita fyrir uppfinningu þótt hún hafi orðið almenningi aðgengileg innan sex mánaða fyrir umsóknardag þegar það má rekja til:

1. augljósrar misbeitingar gagnvart umsækjanda eða einhvers sem hann sækir rétt sinn til eða

2. að umsækjandi eða einhver, sem hann sækir rétt sinn til, hafi sýnt uppfinninguna á opinberri eða opinberlega viðurkenndri alþjóðlegri sýningu samkvæmt sáttmála um alþjóðlegar sýningar sem gerður var í París 22. nóvember 1928.

■ **3. gr.** Einkaréttur sá, sem menn öðlast með einkaleyfi, felur það í sér að aðrir en einkaleyfishafi mega ekki án samþykkis hans hagnýta sér uppfinninguna með því að:

1. framleiða, bjóða til sölu, setja á markað, nota eða flytja inn eða hafa í fórum sínum í þeim tilgangi tæki eða aðrar afurðir sem veitt hefur verið einkaleyfi fyrir eða

2. nota aðferð sem nýtur einkaleyfisverndar, eða bjóða hana til notkunar hér á landi, ef sá sem býður fram aðferðina veit að hana má ekki nota án samþykkis einkaleyfishafa eða slíkt má vera ljóst af aðstæðum eða

3. bjóða, setja á markað eða nota afurð, sem framleidd er með aðferð sem vernduð er með einkaleyfi, eða flytja inn, eiga eða hafa slíka afurð í fórum sínum í ofangreindum tilgangi.

□ Í einkaréttinum felst einnig að aðrir en einkaleyfishafi mega ekki án hans samþykkis hagnýta sér uppfinninguna með því að afhenda eða bjóða þeim sem ekki hafa heimild til að nota uppfinninguna tilföng til að nota hana hér á landi. Þetta á við ef tilföngin varða verulegan þátt uppfinningar og sá sem lætur þau af hendi eða tilboðsgjafinn veit að þau henta og eru ætluð til slíkra nota eða slíkt er ljóst af aðstæðum. Sé tilfang almenn verslunarvara gildir þetta þó því aðeins að sá sem afhendir eða býðst til að afhenda það hvetji mótakandann til að hafa þann verknað í frammi sem nefndur er í 1. mgr. Við beitingu ákvæða 1. og 2. máls. þessarar málsgreinar verður að líta svo á að þeir, sem fara að með þeim hætti sem nefndur er í 1., 3. og 4. tölul. 3. mgr., hafi ekki rétt til að notfæra sér uppfinninguna.

□ Einkaréttur tekur ekki til:

1. athafna sem ekki tengjast atvinnustarfsemi,
2. hagnýtingar á framleiðsluafurð sem nýtur einkaleyfisverndar og sett er á markað [á Evrópska efnahagssvæðinu]¹⁾ af einkaleyfishafa eða með samþykki hans,
3. tilrauna með efni uppfinningar,
4. tilreiðslu lyfja í lyfjabúð samkvæmt forskrift frá lækni í einstökum tilvikum eða ráðstöfunar lyfs sem þannig er tilreitt.

¹⁾ L. 67/1993, 1. gr.

■ **4. gr.** Hagnýti einhver sér uppfinningu í atvinskyni hér á landi þegar annar leggur inn einkaleyfisumsókn um hana má hinn fyrrnefndi halda þeirri hagnýtingu áfram með sem líkustum hætti þrátt fyrir veitt einkaleyfi, svo fremi að hún sé ekki augljós misbeiting gagnvart umsækjanda eða einhverjum sem hann sækir rétt sinn til. Á sama hátt er hagnýting heimil þeim sem gert hafði verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinskyni hér á landi.

□ Aðilaskipti að rétti skv. l. mgr. geta aðeins orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri sem rétturinn á uppruna sinn í eða starfsemi þar sem notkun hans var áformuð.

■ **5. gr.** Einkaleyfi hindrar ekki að vernduð uppfinning sé hagnýtt af öðrum en einkaleyfishafa við notkun erlends ökutækis, skips eða loftfars þegar viðkomandi samgöngutæki er statt hér um stundarsakir eða af tilviljun.

□ Iðnaðarráðherra getur ákveðið að þrátt fyrir veitt einkaleyfi megi flytja inn varahluti og annað tilheyrandi loftförum og nota hér við viðgerðir á loftförum sem skráð eru í öðru ríki ef það ríki veitir íslenskum loftförum sams konar réttindi.

■ **6. gr.** Nú er sótt um einkaleyfi fyrir uppfinningu sem umsækjandi eða einhver, sem hann sækir rétt sinn til, hefur á síðustu 12 mánuðum fyrir umsóknardag lýst í annarri umsókn um einkaleyfi hér á landi eða í annarri umsókn um einkaleyfi, uppfinningarskrifteini eða í umsókn um smáeinkaleyfi í öðru landi sem er aðili að Parísarsáttmálanum frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Skal þá litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinn fyrri

að því er varðar efni 1., 2. og 4. mgr. 2. gr. svo og 4. gr., enda leggi umsækjandi fram kröfu þar að lútandi. [Iðnaðarráðherra getur ákveðið að umsóknir, sem lagðar eru inn í ríkjum sem ekki eru aðilar að Parísarsáttmálanum, geti orðið grundvöllur forgangsréttar samkvæmt þessari grein.]¹⁾

□ ...²⁾

¹⁾ L. 36/1996, 1. gr. ²⁾ L. 36/1996, 2. gr.

II. kafli. Einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra.¹⁾

¹⁾ Rg. 574/1991, sbr. 661/1995, 268/1996, 679/1996 og 700/1997. Augl. 575/1991, sbr. 661/1995 og 286/1996.

■ **7. gr.** Lög þessi falla undir iðnaðarráðuneytið. Á vegum ráðuneytisins er starfrækt einkaleyfaskrifstofa sem fer með framkvæmd laganna. Með einkaleyfayfirvöldum í lögum þessum er átt við þá skrifstofu nema annað sé tekið fram.

□ Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í einkaleyfamálum. Nefndin úrskurðar í málum sem til hennar verður skotið og varða ákvarðanir einkaleyfayfirvalda, sbr. 25. gr. og 67. gr. þessara laga. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina.

■ **8. gr.** Umsókn um einkaleyfi skal skila skriflega til einkaleyfayfirvaldanna eða, ef um er að ræða tilvik sem greinir í III. kafla, til einkaleyfayfirvalda í erlendu ríki eða alþjóðastofnunar.

□ Einkaleyfisumsókn skal hafa að geyma lýsingu á uppfinningunni ásamt teikningum, sé þeirra þörf, og greinargóða skilgreiningu á því sem krafist er einkaleyfis fyrir (einkaleyfiskrófur). Lýsingin skal vera svo skýr að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna. Ef uppfinningin varðar örverufræðilega aðferð eða afurð framleidda með slíkri aðferð telst henni ekki nægilega vel lýst nema skilyrði 6. mgr. séu uppfyllt.

□ Umsókn skal hafa að geyma ágríp af lýsingu og einkaleyfiskrófum. Ágrípinu er eingöngu ætlað að veita tæknilegar upplýsingar um uppfinninguna en hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

□ Nafn uppfinningamanns skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en uppfinningamaður skal umsækjandi sanna rétt sinn til uppfinningarinnar.

□ Umsækjandi skal greiða tilskilið umsóknargjald. Fyrir einkaleyfisumsókn skal einnig greiða tilskilið árgjald fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða áður en endanleg ákvörðun er tekin um umsókn. Gjaldár samkvæmt lögum þessum er 12 mánuðir og reiknast í fyrsta skipti frá umsóknardegi, en eftir það frá tilsvarendi degi á almanaksárinu.

□ Ef við uppfinninguna þarf að nota örverur sem hvorki eru aðgengilegar almenningi né hægt að lýsa í umsókn þannig að fagmaður geti á grundvelli hennar útfært uppfinninguna skal rækt af örverustofninum lögð inn til varðveislu í síðasta lagi á umsóknardegi. Ræktina skal þaðan í frá varðveita stöðugt þannig að hver sá, sem heimild hefur samkvæmt lögum þessum, geti fengið afhent sýni af henni hér á landi. Í reglugerð skal kveðið á um hvar slík varðveisla sé heimil.

□ Ef varðveitt örverurækt verður óvirk eða ekki er af öðrum ástæðum hægt að láta í té sýni af ræktinni má skipta um hana með nýrri rækt af sama örverustofni innan tilskilins tíma og að öðru leyti í samræmi við ákvæði í reglugerð. Í slíkum tilvikum telst nýja varðveislan hefjast sama dag og hin fyrri.

■ **9. gr.** Að beiðni umsækjanda og gegn greiðslu tilskilinna gjalda skulu einkaleyfayfirvöld, í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, láta rannsaka nýnæmi uppfinningarinnar hjá alþjóðlegri nýnæmisrannsóknastofnun, sbr. ákvæði 5. mgr. 15. gr. alþjóðasamstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) sem gerður var í Washington 19. júní 1970.

■ **10. gr.** Í einni og sömu umsókn má ekki sækja um einkaleyfi fyrir tveimur eða fleiri óskyldum uppfinningum.

■ **11. gr.** Sæki maður um einkaleyfi fyrir uppfinningu sem felst í eldri einkaleyfisumsókn hans og ekki hefur hlotið endanlega afgreiðslu skal að beiðni umsækjanda og að uppfylltum skilyrðum í reglugerð litið svo á að seinni umsóknin hafi verið lögð inn samtímis því að gögn, sem fela í sér uppfinninguna, bárust einkaleyfayfirvöldum.

■ **12. gr.** Hafi umsækjandi ekki heimilisfesti hér á landi skal hann hafa umboðsmann búsettan hérlendis sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því er varðar umsóknina.

■ **13. gr.** [Umsókn um einkaleyfi má ekki breyta á þann hátt að sótt sé um einkaleyfi fyrir einhverju því sem ekki kom fram í umsókninni þegar hún var lögð inn.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 3. gr.

■ **14. gr.** ...¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 4. gr.

■ **15. gr.** Hafi umsækjandi ekki farið að settum reglum um umsóknir eða einkaleyfayfirvöld telja af öðrum ástæðum að eitthvað sé því til fyrirstöðu að umsókn verði samþykkt skal umsækjanda tilkynnt það og honum gefinn kostur á að tala sínu máli eða bæta umsóknina innan ákveðins frests. Einkaleyfayfirvöld geta þó án samráðs við umsækjanda gert þær breytingar á ágrípi umsóknarinnar sem þau telja nauðsynlegar.

□ Ef umsækjandi hvorki tjáir sig um málið né gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta umsóknina innan þess frests sem einkaleyfayfirvöld setja skal hún afskrifuð. Tekið skal fram í tilkynningu skv. 1. mgr. að svo verði gert.

□ Einkaleyfisumsókn verður þó tekin til meðferðar á ný ef umsækjandi tjáir sig um málið eða bætir umsóknina innan fjögurra mánaða frá því að hinn tiltekni frestur rann út, enda greiði hann tilskilið endurupptökugjald.

□ Ef árgjald skv. 8., 41. og 42. gr. er ekki greitt verður umsóknin afskrifuð án undanfarandi tilkynningar. Umsókn, sem hefur af þessum ástæðum verið afskrifuð, verður ekki tekin til meðferðar að nýju.

■ **16. gr.** Telji einkaleyfayfirvöld, að fengnu svari umsækjanda, enn eitthvað mæla á móti því að umsóknin verði samþykkt og hafi umsækjandi haft möguleika á því að tjá sig um það atriði skal hafna umsókninni nema einkaleyfayfirvöld telji ástæðu til að gefa umsækjanda að nýju kost á að tala máli sínu eða bæta umsóknina skv. 1. mgr. 15. gr.

■ **17. gr.** Staðhæfi einhver við einkaleyfayfirvöld að hann, en ekki umsækjandi, sé réttthafi uppfinningarinnar geta einkaleyfayfirvöld, ef þau telja vafa leika á í þessum efnunum, beint þeim tilmælum til viðkomandi að hann höfði mál til staðfestingar kröfu sinni innan tiltekens frests. Ef viðkomandi verður ekki við tilmælunum geta einkaleyfayfirvöld litið fram hjá staðhæfingu hans við afgreiðslu einkaleyfisumsóknarinnar. Þessa skal getið í tilmælunum.

□ Ef höfðað er mál fyrir dómstólum um rétt til uppfinningar sem sótt er um einkaleyfi fyrir má fresta frekari meðferð einkaleyfisumsóknarinnar þar til málinu er endanlega lokið.

■ **18. gr.** Færi einhver sönnur á að hann, en ekki umsækjandi, eigi réttinn til uppfinningar skulu einkaleyfayfirvöld skrá umsóknina á hans nafn, enda setji viðkomandi fram kröfu um það. Sá sem fær einkaleyfisumsókn skráða á sitt nafn með þessum hætti skal greiða umsóknargjald að nýju.

□ Komi fram krafa um yfirfærslu einkaleyfisumsóknar skv. 1. mgr. má ekki afskrifa, hafna eða samþykkja umsóknina fyrr en tekin hefur verið endanleg afstaða til kröfunnar.

■ **19. gr.** [Þegar umsóknin er í samræmi við settar reglur og ekkert er því til fyrirstöðu að veita einkaleyfi og fyrir liggur samþykki umsækjanda við texta væntanlegs einkaleyfis tilkynna einkaleyfayfirvöld umsækjanda að unnt sé að veita einkaleyfi gegn tilskilinni greiðslu fyrir útgáfu á einkaleyfisskjali.

□ Eftir að einkaleyfayfirvöld hafa sent tilkynningu skv. 1. mgr. er ekki heimilt að breyta einkaleyfiskröfum þannig að umfang verndar samkvæmt einkaleyfinu verði víðtækara.

□ Greiða skal útgáfugjald innan tveggja mánaða frá tilkynningu einkaleyfayfirvalda skv. 1. mgr. Sé gjaldið ekki greitt skal umsóknin afskrifuð. Umsóknin verður þó tekin til meðferðar að nýju ef umsækjandi greiðir útgáfugjaldið og tilskilið endurupptökugjald innan fjögurra mánaða frá því að frestur rann út.

□ Uppfinningamaður, sem sjálfur sækir um einkaleyfi, getur, innan þess frests sem um ræðir í 3. mgr., farið fram á að hann verði undanþeginn greiðslu á útgáfugjaldi. Einkaleyfayfirvöld geta orðið við slíkri beiðni ef telja má að umsækjandi eigi í verulegum erfiðleikum með að greiða gjaldið. Ef slíkri beiðni er synjað telst greiðsla, sem innt er af hendi innan tveggja mánaða frá synjun, vera greidd á réttum tíma.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 5. gr.

■ **20. gr.** [Þegar skilyrðum 19. gr. er fullnægt skulu einkaleyfayfirvöld veita einkaleyfi og útbúa einkaleyfisbréf. Jafnframt skal auglýsa veitingu einkaleyfisins.

□ Frá þeim tíma sem veiting einkaleyfis er auglýst skal vera hægt að fá hjá einkaleyfayfirvöldum eintök af lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi þess. Þar skal koma fram hver sé uppfinningamaður og umsækjandi.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 6. gr.

■ **21. gr.** [Hver sem er getur borið upp við einkaleyfayfirvöld andmæli gegn veittu einkaleyfi. Andmæli skulu vera skrifleg og rökstudd og þurfa að berast einkaleyfayfirvöldum innan níu mánaða frá því að veiting einkaleyfis var auglýst.

□ Andmæli geta aðeins byggst á því að einkaleyfi hafi verið veitt þrátt fyrir að:

1. skilyrði 1. og 2. gr. hafi ekki verið uppfyllt,
2. uppfinningu sé ekki lýst svo skýrt og greinilega að fagmaður geti á grundvelli lýsingarinnar útfært uppfinninguna,
3. efni einkaleyfisins sé víðtækara en umsóknin í þeirri mynd sem hún var lögð inn.

□ Einkaleyfayfirvöld skulu auglýsa að andmæli hafi borist.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 7. gr. Ákvæði þetta á ekki við um einkaleyfi sem veitt voru fyrir gildistöku L. 36/1996, sbr. 31. gr. þeirra laga.

■ **22. gr.** [Frá og með þeim degi, sem einkaleyfi er veitt, skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg.

□ Þegar liðnir eru 18 mánuðir frá umsóknardegi eða þeim degi, sem krafist er forgangsréttar frá, sbr. 6. gr., skulu umsóknargögnin vera öllum aðgengileg, jafnvel þótt einkaleyfi hafi ekki verið veitt. Hafi verið tekin ákvörðun um að afskrifa eða hafna umsókninni má þó ekki veita aðgang að umsóknargögnunum nema umsækjandi krefjist endurupptöku, áfrýi ákvörðun um höfnun eða krefjist endurveitingar réttinda skv. 72. eða 73. gr.]¹⁾

□ Ef umsækjandi óskar skulu gögn varðandi umsóknina gerð aðgengileg fyrir en lýst er í 1. og 2. mgr.

□ Þegar umsóknargögn verða aðgengileg skv. 2. eða 3. mgr. skal birta auglýsingu um það.

□ [Hafi skjal að geyma viðskiptaleyndarmál sem ekki varðar uppfinningu þá sem sótt er um einkaleyfi fyrir eða veitt hefur

verið einkaleyfi fyrir geta einkaleyfayfirvöld, ef þess er óskað og sérstakar ástæður eru fyrir hendi, ákveðið að skjalið í heild eða að hluta verði ekki gert aðgengilegt almenningi. Hafi slík beiðni verið sett fram verður skjalið ekki gert aðgengilegt fyrir en tekin hefur verið ákvörðun þar að lútandi eða liðinn er áfrýjunarfrestur vegna þeirrar ákvörðunar. Áfrýjun hefur í för með sér frestun á framkvæmd ákvörðunar.]¹⁾

□ Ef rækt af örverustofni er varðveitt í samræmi við ákvæði 8. gr. getur hver sem er fengið afhent sýni af ræktinni í samræmi við ákvæði 1., 2. eða 3. mgr. Þetta þýðir þó ekki að sýni verði afhent neinum þeim sem samkvæmt reglugerð eða lagaákvæðum er óheimilt að meðhöndla varðveittar örverur. Sýni verður heldur ekki afhent neinum þeim sem vegna skaðlegra eiginleika örverunnar er ekki talinn hæfur til að meðhöndla sýnið án verulegrar áhættu.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. getur umsækjandi farið fram á að sýni af örveruræktinni skuli aðeins afhent sérfræðingum þar til einkaleyfi hefur verið veitt eða þar til endanlega hefur verið úrskurðað um umsókn án þess að hún hafi leitt til einkaleyfis. Iðnaðarráðherra setur reglur um frest til að setja slíka beiðni fram og hverjir teljast skuli sérfræðingar í þessu samhengi.]¹⁾

□ Beiðni um afhendingu sýnis skal borin fram skriflega við einkaleyfayfirvöld og skal hún hafa að geyma yfirlýsingu um að fylgt verði þeim takmörkunum varðandi notkun sýnisins sem iðnaðarráðherra ákveður. Ef afhenda á sýnið sérfræðingi skal hann gefa slíka yfirlýsingu í stað þess sem ber fram beiðnina.

¹⁾ L. 36/1996, 8. gr.

■ **23. gr.** [Einkaleyfayfirvöld skulu tilkynna einkaleyfishafa um fram komin andmæli og gefa honum kost á að tjá sig um þau.

□ Einkaleyfayfirvöldum er heimilt að taka andmælamáli til meðferðar þó að einkaleyfi sé fallið eða muni falla úr gildi skv. 51. eða 54. gr., andmælin séu dregin til baka eða andmælandi falli frá eða glati hæfi sínu til að fara með slík mál.

□ Einkaleyfayfirvöld geta lýst einkaleyfi ógilt, ákveðið að það skuli standa óbreytt eða í breyttu formi. Fallist einkaleyfayfirvöld á að einkaleyfi verði breytt og fyrir liggur að einkaleyfishafi sé því sammála skal breyta einkaleyfisskjali í samræmi við áorðnar breytingar eftir að einkaleyfishafi hefur greitt tilskilið gjald fyrir endurútgáfu leyfisins. Hjá einkaleyfayfirvöldum skal vera hægt að fá eintök af endanlegri gerð einkaleyfisskjalsins.

□ Sé einkaleyfishafi ekki sammála því að einkaleyfi verði breytt eða hann greiðir ekki tilskilið gjald fyrir útgáfu nýs einkaleyfisskjals telst einkaleyfið fallið úr gildi.

□ Þegar fyrir liggur endanleg ákvörðun í andmælamáli skal úrskurðurinn auglýstur.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 9. gr.

■ **24. gr.** [Umsækjandi getur skotið endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar er varða einkaleyfisumsóknir til áfrýjunarnefndar. Ef einkaleyfi hefur verið lýst ógilt eða ef einkaleyfaskrifstofan telur að einkaleyfi geti staðið í breyttri mynd eftir úrskurð í andmælamáli getur einkaleyfishafi skotið þeim ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Ef einkaleyfi skal standa óbreytt eða telji einkaleyfaskrifstofan að einkaleyfi geti staðið í breyttri mynd þrátt fyrir löglega fram borin andmæli getur andmælandi skotið þeim ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Falli andmælandi frá málskoti sínu er eigi

að síður heimilt að taka það til umfjöllunar ef sérstakar ástæður mæla með því.

□ Ef beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 19. gr. er hafnað eða orðið er við beiðni um yfirfærslu umsóknar skv. 18. gr. getur umsækjandi skotið slíkum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar. Ef beiðni um yfirfærslu umsóknar er hafnað getur sá sem setti beiðnina fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.

□ Ef beiðni skv. 5. og 8. mgr. 22. gr. er hafnað getur sá sem sett hefur slíka beiðni fram skotið ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar.¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 10. gr.

■ **25. gr.** [Þegar ákvörðun skv. 24. gr. er áfrýjað skal það tilkynnt áfrýjunarnefnd í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynna viðkomandi um ákvörðunina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.]¹⁾

□ Ákvarðanir áfrýjunarnefndar verða ekki bornar undir æðra stjórnvald.

□ [Dómsmál vegna þeirra ákvarðana einkaleyfaskrifstofunnar, sem skjóta má til áfrýjunarnefndar, verður ekki höfðað fyrr en fyrir liggur niðurstaða áfrýjunarnefndar, sbr. þó 52. og 53. gr. Dómsmál vegna þeirrar ákvörðunar áfrýjunarnefndar að hafna einkaleyfisumsókn eða lýsa einkaleyfi ógilt skal höfða innan tveggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðunina.]¹⁾

□ Ákvæði 5. mgr. 22. gr. gilda einnig um gögn sem lögð hafa verið fyrir áfrýjunarnefnd.

¹⁾ L. 36/1996, 11. gr.

■ **26. gr.** [Sé umsókn, sem almenningur hefur haft aðgang að, endanlega hafnað eða hún afskrifuð skal birta auglýsingu um það.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 12. gr.

■ **27. gr.** Veitt einkaleyfi skulu færð inn í einkaleyfaskrá sem haldin er af einkaleyfayfirvöldum.

III. kafli. Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir.

■ **28. gr.** Með alþjóðlegri einkaleyfisumsókn er átt við umsókn samkvæmt ákvæðum samstarfssáttmálans um einkaleyfi sem undirritaður var í Washington 19. júní 1970.

□ Alþjóðleg einkaleyfisumsókn skal lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum eða alþjóðastofnun sem í samræmi við ákvæði sáttmálans og reglur, sem settar eru samkvæmt honum, hafa heimild til að veita viðtöku slíkum umsóknum (viðtökuyfirvöld). Alþjóðlega einkaleyfisumsókn er hægt að leggja inn hjá einkaleyfayfirvöldum hér á landi í samræmi við ákvæði reglugerðar sem iðnaðarráðherra setur. Umsækjandi skal greiða einkaleyfayfirvöldum tilskilið umsóknargjald.

□ Ákvæði 29.–38. gr. eiga við um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir sem taka til Íslands.

■ **29. gr.** Alþjóðleg einkaleyfisumsókn, sem fengið hefur alþjóðlegan umsóknardag samkvæmt ákvörðun viðtökuyfirvalda, hefur sömu áhrif og einkaleyfisumsókn lögð inn hér á landi sama dag. Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 2. gr. eiga þó því aðeins við að umsóknin hafi verið yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr.

■ **30. gr.** Alþjóðleg einkaleyfisumsókn telst afturkölluð að því er Ísland varðar í tilvikum sem nefnd eru í (i)- og (ii)-lið 1. mgr. 24. gr. samstarfssáttmálans um einkaleyfi.

■ **31. gr.** Óski umsækjandi eftir því að yfirfæra alþjóðlega einkaleyfisumsókn til Íslands skal hann innan 20 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi umsóknarinnar, sé forgangsréttar krafist, greiða tilskilin gjöld til

einkaleyfayfirvalda. [Enn fremur skal umsækjandi afhenda þýðingu á umsókninni að því marki sem ákveðið er í reglugerð.]¹⁾

□ Ef umsækjandi óskar að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi alþjóðlegrar umsóknar og lýsi hann því yfir innan 19 mánaða frá þeim degi sem getið er um í 1. mgr. að hann í samræmi við ákvæði samningsins hyggist nota niðurstöður þeirrar athugunar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi skal hann innan 30 mánaða frá fyrrnefndri dagsetningu hafa uppfyllt skilyrði 1. mgr.

□ [Hafi umsækjandi greitt þau gjöld, sem krafist er, innan þess frests sem um getur í 1. og 2. mgr. má leggja inn tilskilda þýðingu innan tveggja mánaða viðbótarfrests gegn því að greitt sé ákveðið viðbótargjald áður en sá frestur rennur út.]¹⁾

□ Uppfylli umsækjandi ekki skilyrði þessarar greinar telst umsóknin hafa verið dregin til baka að því er varðar Ísland.

¹⁾ L. 36/1996, 13. gr.

■ **32. gr.** Dragi umsækjandi til baka beiðni um alþjóðlega forathugun á einkaleyfishæfi eða yfirlýsingu um að hann hyggist nota niðurstöður slíkrar athugunar við umsókn um einkaleyfi á Íslandi skal litið svo á að alþjóðlega umsóknin hafi verið dregin til baka að því er Ísland varðar nema umsækjandi hafi dregið beiðnina til baka innan þess frests sem gildir skv. 1. mgr. 31. gr. og yfirfært umsóknina innan þeirra tímamarka sem gilda skv. 1. mgr. 31. gr., sbr. 3. mgr. sömu greinar.

■ **33. gr.** Þegar alþjóðleg einkaleyfisumsókn er yfirfærð í samræmi við ákvæði 31. gr. gilda ákvæði II. kafla um umsóknina og meðferð hennar ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein eða 34.–37. gr. Umsóknina má þó því aðeins taka til meðferðar að liðnir séu frestir skv. 1. eða 2. mgr. 31. gr. nema umsækjandi óski annars.

□ Ákvæði 12. gr. tekur ekki gildi fyrir einkaleyfayfirvöld geta tekið umsóknina til meðferðar.

□ [Þótt umsókn hafi ekki verið yfirfærð koma ákvæði 22. gr. til framkvæmda um leið og umsækjandi hefur uppfyllt skyldur sínar skv. 31. gr. með því að leggja inn þýðingu á umsókninni til einkaleyfayfirvalda.]¹⁾

□ Við beitingu ákvæða 48., 56. og 60. gr. telst alþjóðleg einkaleyfisumsókn orðin öllum aðgengileg þegar hún hefur verið gerð aðgengileg samkvæmt ákvæðum 3. mgr. Ef einkaleyfisumsóknin uppfyllir skilyrði samstarfssáttmálans um form og innihald skal hún samþykkt að því leyti.

¹⁾ L. 36/1996, 14. gr.

■ **34. gr.** [Einkaleyfi verður ekki veitt á grundvelli alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar eða henni hafnað fyrr en liðinn er frestur samkvæmt reglugerð nema umsækjandi hafi samþykkt að tekin verði ákvörðun um umsóknina innan þess frests.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 15. gr.

■ **35. gr.** [Án samþykkis umsækjanda mega einkaleyfayfirvöld ekki veita einkaleyfi á grundvelli alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar né gera hana opinbera fyrr en umsóknin hefur verið gerð opinber af Alþjóðahugverkastofnuninni eða 20 mánuðir eru liðnir frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi sé forgangsréttar krafist.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 16. gr.

■ **36. gr.** Hafi hvorki verið gerð alþjóðleg nýnæmisrannsókn á hluta af alþjóðlegri einkaleyfisumsókn né alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi þess hluta, af þeirri ástæðu að

umsóknin er talin hafa að geyma tvær eða fleiri uppfinningar óskyldar hver annari, og hafi umsækjandi ekki greitt viðbótargjald innan tilskilins frests í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans skulu einkaleyfayfirvöld rannsaka hvort matið var rétt. Reynist svo vera skal umræddur hluti umsóknarinnar teljast afturkallaður hjá einkaleyfayfirvöldum nema því aðeins að umsækjandi greiði tilskilið gjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld tilkynntu honum um niðurstöðu rannsóknarinnar. Ef einkaleyfayfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að matið hafi ekki verið rétt ber þeim að halda áfram málsmeðferð umsóknarinnar í heild sinni.

□ Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun skv. 1. mgr. þess efnis að umsókn varði tvær eða fleiri óskyldar uppfinningar. Ákvæði 1.–3. mgr. 25. gr. eiga hér við.

□ Ef úrskurður einkaleyfayfirvalda er staðfestur telst frestur til greiðslu skv. 2. másl. 1. mgr. frá þeim degi sem endanlegur úrskurður lá fyrir.

■ **37. gr.** Hafi ekki farið fram alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hluta alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar af þeirri ástæðu að umsækjandi hefur takmarkað einkaleyfiskröfunar samkvæmt ábendingu alþjóðlegrar rannsóknarstofnunar skal líta svo á að umræddur hluti umsóknarinnar hafi verið afturkallaður hjá einkaleyfayfirvöldum nema umsækjandi greiði tilskilið gjald innan tveggja mánaða frá því að einkaleyfayfirvöld sendu honum tilkynningu þar að lútandi með vísun til takmörkunar á þeirri rannsókn sem fram fór.

■ **38. gr.** Hafi viðtökuyfirvöld hafnað því að veita alþjóðlegri einkaleyfisumsókn alþjóðlegan umsóknardag eða tekið ákvörðun um að umsóknin eða beiðni þess efnis að umsóknin taki til Íslands teljist afturkölluð skulu einkaleyfayfirvöld að beiðni umsækjanda sannreyna hvort ákvörðunin hafi verið rétt. Sama gildir ef alþjóðaskrifstofan hefur úrskurðað að einkaleyfisumsóknin teljist afturkölluð.

□ Beiðni um endurmat skv. 1. mgr. skal koma á framfæri við alþjóðaskrifstofuna innan frests sem ákveðinn er í reglugerð. Innan sama frests, og að því marki sem kveðið er á um í reglugerð, ber umsækjanda að leggja fram þýðingu á umsókninni til einkaleyfayfirvalda og greiða að auki tilskilið umsóknargjald.

□ Telji einkaleyfayfirvöld að úrskurður viðtökuyfirvalda eða alþjóðaskrifstofunnar sé rangur skulu þau fara með umsóknina í samræmi við ákvæði II. kafla. Hafi viðtökuyfirvöld ekki ákvarðað alþjóðlegan umsóknardag telst hún vera lögð inn þann dag sem einkaleyfayfirvöld telja að hefði átt að ákvarða sem alþjóðlegan umsóknardag. Sé umsóknin í samræmi við ákvæði samstarfssáttmálans að því er varðar form og efni skal hún viðurkennd að því leyti.

□ Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 2. gr. gildir um umsókn sem tekin er til meðferðar skv. 3. mgr., svo fremi hún verði gerð almenningi aðgengileg samkvæmt ákvæðum 22. gr.

IV. kafli. Umfang einkaleyfis og gildistími.

■ **39. gr.** Umfang einkaleyfisverndar ákvarðast af einkaleyfiskröfum. Skýringa á einkaleyfiskröfum má leita í lýsingu.

■ **40. gr.** Veittu einkaleyfi er unnt að halda í gildi í 20 ár frá umsóknardegi. Greiða skal árgjald af einkaleyfi fyrir hvert gjaldár sem byrjar að líða eftir að leyfið er veitt. Verði einkaleyfi veitt áður en árgjöld fyrir umsóknina falla í gjalddaga, sbr. ákvæði 41. gr., skal eigandi einkaleyfisins einnig, um leið og árgjald fyrir einkaleyfið gjaldfellur í fyrsta skipti, greiða árgjöld fyrir þau gjaldár sem hafist hafa fyrir veitingu leyfisins.

V. kafli. Greiðsla árgjalda.

■ **41. gr.** Árgjald fellur í gjalddaga síðasta dag fyrsta almánaks mánaðar í gjaldári. Árgjöld fyrir fyrstu tvö gjaldárin falla þó ekki í gjalddaga fyrir en árgjald fyrir þriðja gjaldár gjaldfellur. Heimilt er að greiða árgjald allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga. Ef dómstólar hnekkja úrskurði áfrýjunarnefndar um að hafna umsókn gjaldfellur árgjald, fyrir gjaldár sem hefst eftir að úrskurður áfrýjunarnefndar er kveðinn upp og þar til dómurinn öðlast réttargildi, ekki fyrir en tveir mánuðir eru liðnir frá síðastgreindum degi.

□ Þegar um er að ræða seinni umsókn skv. 11. gr. teljast árgjöld, fyrir gjaldár sem hefjast áður en hún er lögð inn eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, undir engum kringumstæðum fallin í gjalddaga fyrir en tveir mánuðir eru liðnir frá umræddum degi. Þegar um er að ræða alþjóðlega umsókn sem yfirfærð hefur verið skv. 31. gr. teljast árgjöld, fyrir gjaldár sem hefjast fyrir yfirfærsludag eða fyrir þann dag sem umsókn hefur verið tekin til meðferðar skv. 38. gr. eða innan tveggja mánaða frá þeim degi, undir engum kringumstæðum fallin í gjalddaga fyrir en tveir mánuðir eru liðnir frá þeim degi.

□ Árgjald má, með tilskilinni hækkun, greiða innan sex mánaða frá gjalddaga.

■ **42. gr.** Ef uppfinningamaður er umsækjandi eða eigandi einkaleyfis og teljist það verulegum erfiðleikum bundið fyrir hann að greiða árgjöld geta einkaleyfayfirvöld veitt honum greiðslufrest, enda komi fram beiðni um það í síðasta lagi þann dag sem árgjöldin falla í fyrsta sinn í gjalddaga. Greiðslufrest má veita þrjú ár í senn en þó ekki lengur en í þrjú ár frá veitingu einkaleyfis. Beiðni um lengingu frests skal í síðasta lagi bera fram þann dag sem veittur frestur rennur út.

□ Ef beiðni um greiðslufrest á árgjaldi eða lengingu hans er hafnað telst greiðsla, sem berst innan tveggja mánaða frá því, greidd á réttum tíma.

□ Árgjald, sem veittur hefur verið frestur til að greiða skv. 1. mgr., má greiða innan sex mánaða frá þeim tíma, er frestur rann út, með sömu hækkun og nefnd er í 3. mgr. 41. gr.

VI. kafli. Nytjaleyfi, framsal o.fl.

■ **43. gr.** Hafi einkaleyfishafi veitt öðrum nytjaleyfi, þ.e. heimild til að hagnýta uppfinningu í atvinnuskyni, er nytjaleyfishafa óheimilt að framselja þann rétt til annarra nema um annað hafi verið samið.

■ **44. gr.** Ef aðilaskipti verða að einkaleyfi eða nytjaleyfi er veitt skulu slíkar breytingar færðar í einkaleyfaskrá sé þess óskað.

□ Ef færðar eru sönnur á að skráð nytjaleyfi sé fallið niður skal það afmáð í einkaleyfaskránni.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til nauðungarleyfa og heimilda skv. 2. mgr. 53. gr.

□ Málsókn vegna einkaleyfis má ætíð beina að þeim sem er skráður einkaleyfishafi í einkaleyfaskrá og tilkynningar frá einkaleyfayfirvöldum má senda honum.

■ **45. gr.** Hafi einkaleyfið uppfinning ekki verið notuð hér á landi með eðlilegum hætti þegar liðin eru þrjú ár frá útgáfu einkaleyfis og fjögur ár frá umsóknardegi getur sá sem vill nota uppfinninguna hér á landi fengið nauðungarleyfi í því skyni nema gildar ástæður séu fyrir því að uppfinningin hafi ekki verið notuð.

□ Við beitingu ákvæða 1. mgr. getur iðnaðarráðherra ákveðið ef fullnægt er skilyrðum um gagnkvæmni að notkun í öðru landi teljist jafngild notkun hér á landi.

■ **46. gr.** [Þegar hagnýting einkaleyfðrar uppfinningar er háð einkaleyfi sem annar á getur eigandi fyrrnefnda einkaleyfisins fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinningu þá sem vernduð er með síðarnefnda einkaleyfinu teljist fyrrnefnda uppfinningin marka mikilvægt tæknilegt framfaraskref sem hefur verulega efnahagslega þýðingu.

□ Hafi verið veitt nauðungarleyfi skv. 1. mgr. til að hagnýta einkaleyfða uppfinningu á einkaleyfishafi þeirrar uppfinningar rétt á að fá nauðungarleyfi með sanngjörnum kjörum til að hagnýta hina uppfinninguna.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 17. gr.

■ **47. gr.** Ef það telst nauðsynlegt vegna ríkra almanna-hagsmuna má veita þeim sem hagnýta vill í atvinnuskyni uppfinningu sem annar hefur einkaleyfi fyrir nauðungarleyfi til slíkrar hagnýtingar.

■ **48. gr.** Nú hagnýtir einhver í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir þegar umsóknin verður aðgengileg almenningi. Getur viðkomandi þá, ef mjög sérstakar ástæður mæla með því og umsóknin leiðir til einkaleyfis, fengið nauðungarleyfi til að hagnýta uppfinninguna. Það verður því aðeins veitt að viðkomandi hafi ekki vitað um umsóknina og þess verði heldur ekki með sanngirni af honum krafist að hann hafi getað aflað sér slíkrar vitneskju. Á sömu forsendum getur sá er gert hefur verulegar ráðstafanir til að hagnýta uppfinninguna í atvinnuskyni einnig öðlast slíkan rétt.

□ Nauðungarleyfi skv. 1. mgr. getur náð til tímans fyrir veitingu einkaleyfisins.

■ **49. gr.** [Nauðungarleyfi verður eingöngu veitt þeim sem ekki hefur með samningi tekist að fá nytjaleyfi með sanngjörnum kjörum og ætla má að sé fær um að hagnýta uppfinninguna á sanngjarnan og viðunandi hátt og í samræmi við leyfið.

□ Nauðungarleyfi hindrar ekki að einkaleyfishafi sjálfur hagnýti uppfinninguna eða veiti öðrum nytjaleyfi.

□ Aðilaskipti að nauðungarleyfi eru aðeins heimil í tengslum við aðilaskipti að atvinnurekstri þeim sem leyfið er hagnýtt í eða til stóð að hagnýta það. Enn fremur gildir fyrir nauðungarleyfi sem veitt er skv. 1. mgr. 46. gr. að aðilaskipti að nauðungarleyfinu skulu fara fram um leið og aðilaskipti að því einkaleyfi sem háð er einkaleyfi í eigu annars aðila.

□ Nauðungarleyfi varðandi hálfleiðaratækni verður aðeins veitt til opinberrar hagnýtingar, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, eða til að koma í veg fyrir athæfi sem dómstóll eða stjórnvald hefur talið samkeppnishamlandi.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 18. gr.

■ **50. gr.** [Héraðsdómur Reykjavíkur sker úr um hvort nauðungarleyfi skuli veitt, að hvaða marki hagnýta má uppfinninguna, hve hátt endurgjald skuli greitt einkaleyfishafa og önnur skilyrði nauðungarleyfis. Breytist aðstæður verulega getur dómstóllinn að kröfu annars hvors aðila fellt leyfið úr gildi eða ákveðið nýja skilmála.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 19. gr.

VII. kafli. Brottfall einkaleyfis o.fl.

■ **51. gr.** Sé árgjald ekki greitt samkvæmt reglum í 40., 41. og 42. gr. fellur einkaleyfið úr gildi frá og með byrjun þess gjaldárs sem ekki er greitt fyrir.

■ **52. gr.** Ógilda má einkaleyfi með dómi ef:

1. það hefur verið veitt án þess að skilyrðum 1. og 2. gr. hafi verið fullnægt,

2. það varðar uppfinningu sem ekki er lýst svo greinilega að fagmaður geti á grundvelli lýsingarinnar útfært uppfinninguna,

3. það tekur til einhvers sem ekki kom fram í umsókn þegar hún var lögð inn eða

4. [verndarsvið einkaleyfisins hefur verið rýmkað eftir að einkaleyfayfirvöld tilkynntu umsækjanda skv. 19. gr. að unnst væri að veita einkaleyfi.]¹⁾

□ Einkaleyfi verður þó ekki dæmt ógilt í heild sinni af þeirri ástæðu að einkaleyfishafinn hafi einungis átt rétt til einkaleyfisins að hluta.

□ Að frátöldu tilviki því, er greinir í 4. mgr., getur hver sem er höfðað mál samkvæmt grein þessari.

□ Mál, sem reist er á því að annar hafi öðlast einkaleyfi en sá sem skv. 1. gr. á rétt til þess, getur sá einn höfðað er telur sig eiga rétt til einkaleyfisins. Mál skal höfðað innan eins árs frá því að viðkomandi fékk vitneskju um útgáfu einkaleyfisins og önnur þau atvik sem málsóknin er reist á. Hafi einkaleyfishafi verið í góðri trú þegar einkaleyfið var veitt eða þegar hann eignaðist það verður mál undir engum kringumstæðum höfðað eftir að þrjú ár eru liðin frá útgáfu einkaleyfisins.

¹⁾ L. 36/1996, 20. gr.

■ **53. gr.** Hafi einkaleyfi verið veitt öðrum en þeim sem skv. 1. gr. á rétt til leyfisins skal rétturinn til þess yfirfærður til réttshafa með dómi ef hann krefst þess. Um málshöfðunarfresti fer samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 52. gr.

□ Hafi maður, sem misst hefur einkaleyfi með dómi, í góðri trú hagnýtt uppfinningu í atvinnuskyni hérlendis eða gert verulegar ráðstafanir til þess er honum heimilt gegn sanngjörnu gjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum að halda þeirri hagnýtingu áfram með sem líkustum hætti eða hefja fyrirhugaða hagnýtingu innan sömu marka. Handhafi skráðs nytjaleyfis hefur einnig sama rétt á sömu forsendum.

□ Aðilaskipti að rétti skv. 2. mgr. geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

■ **54. gr.** Falli einkaleyfishafi frá einkaleyfi sínu með skriflegri yfirlýsingu til einkaleyfayfirvalda skulu þau lýsa einkaleyfið niður fallið.

□ Nú er byrjuð málsókn um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis og má þá ekki lýsa einkaleyfið niður fallið fyrir en úrlausn er fengin í málinu.

■ **55. gr.** Þegar einkaleyfi fellur úr gildi eða það er lýst niður fallið, það dæmt ógilt eða réttur til þess yfirfærður skulu einkaleyfayfirvöld gefa út tilkynningu um það.

VIII. kafli. Skylda til að veita upplýsingar um einkaleyfi.

■ **56. gr.** Beri umsækjandi um einkaleyfi fyrir sig umsókn sína gagnvart öðrum áður en hún er gerð almenningi aðgengileg er honum skylt að veita þeim aðgang að umsóknargögnunum sé þess krafist. Hafi rækt af örverustofni verið lögð inn til varðveislu í tengslum við umsóknina, sbr. 6. mgr. 8. gr., skal viðkomandi aðili einnig eiga rétt á því að fá afhent sýni af ræktinni. Ákvæði 2. og 3. másl. 6. mgr. 22. gr. ásamt 7. og 8. mgr. sömu greinar eiga hér við.

□ Gefi maður til kynna með því að snúa sér beint til annars eða með auglýsingu, með áritun á vöru eða umbúðir hennar eða með öðrum hætti að sótt hafi verið um einkaleyfi eða það veitt, án þess þó jafnframt að tilgreina númer einkaleyfisins

eða umsóknarinnar, er honum skylt að veita þeim sem þess krefst þær upplýsingar án ástæðulausrar tafar. Ef upplýsingar eru til þess fallnar að gefa í skyn að um einkaleyfi hafi verið sótt eða það veitt, án þess að slíkt sé skýrt tekið fram, er skylt, sé þess krafist, að veita án ástæðulausrar tafar upplýsingar um hvort svo sé.

IX. kafli. Refsi- og bótaábyrgð o.fl.

■ **57. gr.** Sá sem af ásetningi skerðir einkarétt þann er einkaleyfi veitir skal sæta sektum eða, ef sök er mikil, [fangelsi]¹⁾ allt að þremur mánuðum.

□ Nú er brot framið af félagi eða öðru fyrirtæki og er þá heimilt að dæma það í fésekt.

□ Sókn sakar á sá sem misgert er við.

¹⁾ L. 82/1998, 198. gr.

■ **58. gr.** Sá sem af ásetningi eða gáleysi skerðir einkaleyfisrétt skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu uppfinningar og að auki skaðabætur fyrir annað það tjón sem skerðingin hefur haft í för með sér.

□ Skerði einhver einkaleyfisrétt án þess að um ásetning eða gáleysi hafi verið að ræða er hann, ef og að því marki sem það telst sanngjarnt, skyldur til að greiða endurgjald og skaðabætur samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

■ **59. gr.** Nú hefur einkaleyfisréttur verið skertur og getur þá dómstóll, sé þess krafist og að svo miklu leyti sem það telst sanngjarnt, mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun afurða, sem framleiddar hafa verið samkvæmt einkaleyfðri uppfinningu, eða misnotkun tækja, útbúnaðar eða annars sem hefði skerðingu einkaleyfisréttar í för með sér. Þannig má mæla fyrir um að hlut verði breytt á ákveðinn hátt, hann eyðilagður eða, þegar um er að ræða einkaleyfisverndaðan hlut, að hann verði afhentur gegn endurgjaldi þeim sem misgert var við. Þetta á þó ekki við gagnvart þeim sem í góðri trú hefur eignast viðkomandi hlut eða öðlast umráðarétt yfir honum og hefur ekki sjálfur framið einkaleyfisbrot.

□ Þegar mjög sérstæðar ástæður liggja til grundvallar getur dómstóll, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og sé þess krafist, veitt eiganda afurða þeirra, tækja, útbúnaðar og annars, sem nefnt er í 1. mgr., heimild til umráða yfir þeim á gildistíma einkaleyfis eða hluta af honum gegn sanngjörnu endurgjaldi og að öðru leyti með sanngjörnum skilmálum.

■ **60. gr.** [Hagnýti einhver uppfinningu í atvinnuskyni án heimildar eftir að umsóknargögn hafa verið gerð almenningi aðgengileg, og leiði umsóknin til veitingar einkaleyfis, verður ákvæðum um einkaleyfisskerðingu beitt eftir því sem við getur átt, að undanskildum ákvæðum 57. gr. Áður en einkaleyfi er veitt nær einkaleyfisverndin aðeins til þess sem leiða má bæði af einkaleyfiskröfum eins og þær voru þegar umsóknin var gerð almenningi aðgengileg og af einkaleyfinu eins og það var veitt eða því breytt skv. 3. mgr. 23. gr.

□ Aðili, sem hagnýtir sér uppfinningu, sbr. 1. mgr., er aðeins skyldur til greiðslu skaðabóta að því marki sem um ræðir í 2. mgr. 58. gr. fyrir tjón sem leiðir af skerðingu sem átt hefur sér stað áður en veiting einkaleyfis var auglýst skv. 20. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 21. gr.

■ **61. gr.** Í málum, er varða einkaleyfisskerðingu, verður einkaleyfi því aðeins lýst ógilt að kröfu þess efnis hafi verið beint að einkaleyfishafa, eftir atvikum eftir að honum var stefnt samkvæmt reglum 4. mgr. 63. gr. Verði einkaleyfið dæmt ógilt verður ákvæðum 57.–60. gr. ekki beitt.

■ **62. gr.** Sá sem lætur undir höfuð leggjast að uppfylla skyldur sínar skv. 56. gr. eða gefur rangar upplýsingar skal sæta sektum ef ekki liggur þyngrri refsing við broti hans

samkvæmt öðrum lögum. Hann skal og bæta það tjón sem af háttsemi hans hefur hlotist, að því marki sem sanngjarnt verður talið.

□ Ákvæði 2. og 3. mgr. 57. gr. eiga hér einnig við.

■ **63. gr.** [Sá sem höfðar mál til ógildingar einkaleyfi eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis eða til að öðlast nauðungarleyfi skal tilkynna það einkaleyfayfirvöldum.]¹⁾ Samtímis skal hann með ábyrgðarbréfi tilkynna málshöfðunina öllum skráðum nytjaleyfishöfum sé heimilisfangs þeirra getið í einkaleyfaskránni. Nytjaleyfishafi, sem höfða vill mál vegna skerðingar á einkaleyfi, skal með sama hætti tilkynna það einkaleyfishafa, enda sé heimilisfangs hans getið í skránni.

□ Sanni stefnandi ekki á þingfestingardegi að tilkynningar skv. 1. mgr. hafi verið sendar getur dómstóllinn veitt honum frest svo að skilyrðum 1. mgr. verði fullnægt. Nýti stefnandi ekki frestinn í þessu skyni skal vísa máli hans frá dómi.

□ Nú höfðar einkaleyfishafi mál vegna einkaleyfisskerðingar og vilji stefndi gera kröfu um að einkaleyfið verði dæmt ógilt skal hann samkvæmt ákvæðum 1. mgr. tilkynna það einkaleyfayfirvöldum og skráðum nytjaleyfishöfum. Ákvæði 2. mgr. eiga hér einnig við og verður kröfunni um ógildingu einkaleyfis vísað frá dómi ef stefndi nýtir ekki frestinn.

□ Í málum um einkaleyfisskerðingu, sem nytjaleyfishafi höfðar, getur stefndi stefnt einkaleyfishafanum án tillits til varnarþings hans til að beina að honum kröfu um ógildingu einkaleyfisins.

¹⁾ L. 36/1996, 22. gr.

■ **64. gr.** Eftirgreind mál skal höfða fyrir [héraðsdómi]¹⁾ Reykjavíkur:

1. mál um rétt til uppfinningar sem sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir,

2. mál um veitingu einkaleyfis, sbr. 3. mgr. 25. gr.,

3. mál um ógildingu einkaleyfis eða um yfirfærslu á rétti til einkaleyfis, sbr. 52. og 53. gr., svo og mál um réttindi skv. 2. mgr. 53. gr.,

4. mál um réttindi skv. 4. gr. og 2. mgr. 74. gr.,

5. mál um einkaleyfisskerðingu,

6. mál um aðilaskipti að einkaleyfi og mál um nytjaleyfi.

□ Umsækjendur og einkaleyfishafar, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, skulu taldir eiga varnarþing í Reykjavík í málum samkvæmt lögum þessum.

¹⁾ L. 92/1991, 106. gr.

■ **[64. gr. a.** Taki einkaleyfi til aðferðar við framleiðslu nýrrar afurðar ber að líta svo á að sama afurð, sem framleidd er af öðrum en einkaleyfishafa, hafi verið framleidd með einkaleyfðu aðferðinni, nema annað verði sannað.

□ Við sönnunarfærslu fyrir hinu gagnstæða skal virða réttmæta hagsmuni aðila til að vernda framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 23. gr.

■ **65. gr.** Endurrit dóma í málum skv. 50. gr. og 1. mgr. 64. gr. skal dómari að eigin frumkvæði láta einkaleyfayfirvöldum í té.

[IX. kafli a. Viðbótarvernd.]¹⁾

¹⁾ L. 36/1996, 24. gr.

■ **[65. gr. a.** Reglugerð ESB-ráðsins nr. 1768/1992 um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd lyfja, 6. liður í viðauka 17 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim.¹⁾ [Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1610/96, um útgáfu viðbótarvottorðs um vernd plöntuvarnarefna, sem birt er sem 6. liður a í sama viðauka, fylgir og lögum og telst hluti þeirra að teknu

tilliti til aðlögunarákvæða samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/97 frá 31. júlí 1997. Ákvæði reglugerðanna skulu hafa lagagildi hér á landi.]²⁾

□ Umsókn um viðbótarvernd skal leggja inn skriflega til einkaleyfayfirvalda. Umsækjandi skal greiða tilskilið umsóknargjald.

□ Fyrir viðbótarvernd skal greiða tiltekið árgjald fyrir hvert gjaldár sem hefst eftir að einkaleyfið fellur úr gildi. Um árgjöld gilda að öðru leyti sömu reglur og um árgjöld af einkaleyfum.

□ Nánari reglur um umsóknir um viðbótarvernd, meðferð þeirra og rannsókn, skráningu viðbótarverndar og fleira skulu settar í reglugerð.

□ Viðurlagaákvæði 57. og 62. gr. eiga einnig við um viðbótarvernd.]³⁾

¹⁾ Reglugerðin er birt í Stjttíð. A 1996, bls. 84–88. ²⁾ L. 132/1997, 1. gr. Reglugerðin og ákvörðunin eru birtar í Stjttíð. A 1997, bls. 460–465. ³⁾ L. 36/1996, 24. gr.

X. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **66. gr.** Einkaleyfishafi, sem ekki hefur heimilisfesti hér á landi, skal hafa umboðsmann sem búsettur er hérlendis. Í einkaleyfaskrá skal skrá hver umboðsmaður er. Umboðsmaður hefur, fyrir hönd einkaleyfishafa, heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum er einkaleyfið varða.

□ Hafi einkaleyfishafi ekki umboðsmann fer um birtingu stefnu eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði. Einnig skal í ábyrgðarbréfi senda skráðum einkaleyfishafa afrit stefnu. Sama gildir um aðrar tilkynningar er einkaleyfið varða.

□ Iðnaðarráðherra getur ákveðið að reglur 1. mgr. gildi ekki gagnvart einkaleyfishafa sem heimilisfesti á í öðru landi ef einkaleyfishafar, sem heimilisfesti eiga hér á landi, njóta sama réttar að þessu leyti í hinu erlenda ríki. Hið sama gildir einnig ef einkaleyfishafi hefur umboðsmann sem búsettur er í viðkomandi ríki og sá hinn sami er skráður í einkaleyfaskrá hér á landi sem umboðsmaður með heimild til að taka við stefnu og öðrum tilkynningum.

■ **67. gr.** [Umsækjandi, einkaleyfishafi eða sá sem krafist hefur ógildingar á einkaleyfi getur skotið til áfrýjunarnefndar öðrum endanlegum ákvörðunum einkaleyfaskrifstofunnar en getið er í 24. gr. í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina. Sama gildir um ákvarðanir skv. 42. gr. eða 1. og 2. mgr. 72. gr., svo og 73. gr. Aðrir, sem hagsmuna eiga að gæta, geta með sama hætti skotið umræddum ákvörðunum til áfrýjunarnefndar í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að hún var birt.]¹⁾

□ Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé það ekki gert skal vísa áfrýjuninni frá.

¹⁾ L. 36/1996, 25. gr.

■ **68. gr.** Í reglugerð¹⁾ skal kveðið á um gjöld samkvæmt lögum þessum, þóknun fyrir þjónustu og þess háttar. Einnig er heimilt að ákveða í reglugerð að ekki verði greitt árgjald skv. 41. gr. fyrir eitt eða fleiri hinna fyrstu gjaldára.

¹⁾ Rg. 673/1996, sbr. 288/1996. Rg. 639/1995, sbr. 288/1996, 200/1997 og 758/1997.

■ **69. gr.** [Iðnaðarráðherra setur nánari reglur¹⁾ um einkaleyfisumsóknir og meðferð þeirra, um meðferð andmælamála, um skipulag og færslu einkaleyfaskrár, um útgáfu og efni einkaleyfatíðinda, um skipulag og starfshætti einkaleyfaskrifstofu og áfrýjunarnefndar, svo og almennt um framkvæmd laga þessara.]²⁾ Þar má m.a. kveða á um að dagbækur einkaleyfaskrifstofunnar um innkomnar umsóknir skuli vera öllum aðgengilegar.

□ Iðnaðarráðherra getur ákveðið, að ósk yfirvalda í öðru landi, að einkaleyfayfirvöld hér á landi veiti hinu erlenda yfirvaldi upplýsingar um meðferð á innlögðum einkaleyfisumsóknum. Einnig getur iðnaðarráðherra ákveðið að einkaleyfayfirvöld hér á landi geti við mat á einkaleyfishæfi umsóknar lagt til grundvallar rannsókn á einkaleyfishæfi uppfinningar sem fram hefur farið hjá einkaleyfayfirvöldum í öðru landi eða hjá alþjóðlegri stofnun.

□ Iðnaðarráðherra getur enn fremur ákveðið að umsækjandi hér á landi, sem lagt hefur inn sambærilega umsókn um einkaleyfi í öðru landi, skuli, að kröfu einkaleyfayfirvalda hér á landi, innan ákveðins frests láta í té upplýsingar sem honum hafa verið veittar af einkaleyfayfirvöldum í viðkomandi landi um niðurstöður rannsókna á einkaleyfishæfi uppfinningar ásamt afriti af bréfaskrifnum þeirra á milli. Upplýsinga verður þó ekki krafist vegna alþjóðlegrar umsóknar sem fjallað er um í III. kafla laganna ef fram hefur farið alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi hennar og skýrsla um rannsóknina hefur verið látin einkaleyfayfirvöldum í té.

¹⁾ Rg. 574/1991, augl. 575/1991. ²⁾ L. 36/1996, 26. gr.

■ **70. gr.** Ef nauðsyn krefur vegna neyðarástands af völdum náttúruhamfara, stríðs eða yfirvofandi stríðshættu getur iðnaðarráðherra ákveðið að réttur til að hagnýta uppfinningu falli til ríkisins eða annars aðila sem ráðherra ákveður. Fullt endurgjald skal koma fyrir slíka yfirtöku. Náist ekki samkomulag um endurgjald skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum nr. 11/1973.

□ Ef réttur til að hagnýta uppfinningu er yfirtekinn á grundvelli ákvörðunar skv. 1. mgr. af öðrum en ríkinu og sá aðili greiðir ekki endurgjald það sem þar um ræðir er ríkinu skylt að kröfu þess, sem rétt á til endurgjaldsins, að greiða það samstundis.

■ **71. gr.** Einkaleyfaskrifstofunni er heimilt að taka að sér verkefni við öflun eða úrvinnslu gagna er hún varðveitir eða hefur aðgang að og eru orðin almenningi aðgengileg. Nánar skal kveðið á um slíka upplýsingaþjónustu og gjaldtöku fyrir hana í reglugerð.

■ **72. gr.** Nú glatar einkaleyfisumsækjandi, að frátöldum þeim tilvikum sem nefnd eru í 2. mgr., rétti af þeirri ástæðu að hann eða umboðsmaður hans hefur ekki gert ráðstafanir hjá einkaleyfayfirvöldum innan þess frests sem settur er í lögum þessum eða á grundvelli þeirra og hafi hlutaðeigandi gert allt sem með sanngirni má af honum krefjast til að virða frestinn og geri hann viðeigandi ráðstafanir innan tveggja mánaða frá brottfalli hindrunar er töfnni olli, en þó aldrei síðar en einu ári frá lokum frestsins, skulu einkaleyfayfirvöld endurveita honum réttinn. Til þess að rétturinn verði endurveittur þarf, innan sama frests, að leggja fram skriflega beiðni þar að lútandi og greiða tilskilin gjöld.

□ Ákvæði 1. mgr. eiga með sama hætti við ef umsækjandi eða einkaleyfishafi hefur ekki greitt árgjald innan þess frests sem ákveðinn er í 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. Beiðni um endurveitingu réttinda í þeim tilvikum þarf þó að hafa borist og árgjaldið greitt í síðasta lagi sex mánuðum frá lokum frestsins.

□ Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um frest skv. 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 25. gr.

■ **73. gr.** Nú hefur umsækjandi í þeim tilvikum, er greinir í 31. gr. og 38. gr., sent gögn eða gjöld í pósti, en sendingin ekki komið fram á réttum tíma, og hafi viðeigandi gögnum eða gjaldi verið komið til einkaleyfayfirvalda innan tveggja mánaða frá því að umsækjanda varð ljóst eða hann mátti vita

að frestur var liðinn eða í síðasta lagi einu ári eftir að frestur var liðinn skulu einkaleyfayfirvöld endurveita réttindin ef:

1. póstsamgöngur hafa legið niðri síðustu 10 daga fyrir lok frestsins vegna stríðs, byltingar, uppþots, verkfalls, náttúruhamfara eða af öðrum svipuðum ástæðum á þeim stað þar sem sendandi dvelst eða hefur starfsemi sína og gögnin eða gjöldin eru send einkaleyfayfirvöldum innan fimm daga frá því að póstsamgöngur hófust að nýju eða

2. gögnin eða gjaldið hafa verið send í ábyrgðarpósti til einkaleyfayfirvalda í síðasta lagi fimm dögum fyrir lok frestsins. Ákvæðið á þó aðeins við ef ábyrgðarsendingin var send í flugpósti nema slíkt sé ekki mögulegt eða ef sendandi hefur haft ástæðu til að ætla að hún kæmist til skila í síðasta lagi tveimur dögum frá sendingardegi.

□ Óski umsækjandi eftir endurveitingu réttinda skv. 1. mgr. skal hann innan þar tilgreinds frests senda einkaleyfayfirvöldum skriflega beiðni þar að lútandi.

■ **74. gr.** Það skal auglýst ef orðið er við beiðni um endurveitingu skv. 72. eða 73. gr. og umsókn, sem hefur verið afskrifuð eða hafnað eftir að hún var gerð almenningi aðgengileg, er tekin til áframhaldandi meðferðar eða niðurfallið einkaleyfi öðlast gildi að nýju á grundvelli endurveitingarinnar.

□ Hafi maður í góðri trú byrjað að hagnýta uppfinningu hér á landi í atvinnuskyni, eða gert verulegar ráðstafanir til þess eftir að liðinn er tilskilinn frestur til endurupptöku umsóknar sem hefur verið afskrifuð eða hafnað, ellegar eftir að tilkynnt hefur verið að einkaleyfi sé fallið úr gildi, en þó áður en auglýsing skv. 1. mgr. hefur verið gefin út, þá getur hlut- aðeigandi haldið hagnýtingu áfram með sama hætti og áður var.

□ Aðilaskipti að rétti skv. 2. mgr. geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

XI. kafli. Gildistökuákvæði.

■ **75. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1992. . . .

□ [Einkaleyfi fyrir lækningalyfjum er hægt að veita eftir 1. júní 1996 á grundvelli umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1995.]¹⁾

□ [Einkaleyfi fyrir nautna- eða næringarefnum er hægt að veita á grundvelli umsókna sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1992.]²⁾

□ Ákvæði III. kafla laganna taka ekki gildi fyrr en auglýsing hefur verið birt um að Ísland hafi gerst aðili að samstarfssáttmálanum.

□ Ákvæði 8., 22. og 56. gr. laganna um varðveislu ræktar af örverustofni taka ekki gildi fyrr en slíkt verður ákveðið með reglugerð og verður einungis beitt varðandi umsóknir sem lagðar eru inn eftir að ákvæðin taka gildi.

¹⁾ L. 36/1996, 27. gr. ²⁾ L. 67/1993, 2. gr.

■ **76. gr.** Lögin gilda um einkaleyfi, sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög, með þeim takmörkunum sem leiðir af eftirfarandi ákvæðum:

1. Einkaleyfi, sem um ræðir í 1. másl. þessarar greinar, verða einungis ógilt í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 12 20. júní 1923.

2. Gildistími einkaleyfa, sem veitt eru 10 árum fyrir gildistöku þessara laga eða fyrr, ræðst af ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 12 20. júní 1923. Gildistími annarra einkaleyfa, sem

veitt eru í samræmi við eldri lög, ræðst af lögum þessum en þó þannig að hann verði ekki styttri en 15 ár frá útgáfudegi.

3. Ákvæði laga nr. 12 20. júní 1923 um viðbótareinkaleyfi gilda áfram um þau viðbótareinkaleyfi sem veitt hafa verið í samræmi við þau lög.

■ **77. gr.** Hafi stofnast réttur til að hagnýta uppfinningu á grundvelli ákvæðis 1. mgr. 6. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 áður en lög þessi taka gildi skal sá réttur haldast þótt skilyrði 4. gr. þessara laga séu ekki uppfyllt.

■ **78. gr.** [Um meðferð og ákvarðanir varðandi einkaleyfishæfi umsókna, sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, fer eftir ákvæðum laga nr. 12 20. júní 1923 með þeim undantekningum sem leiða má af öðrum ákvæðum þessa kafla.]¹⁾

¹⁾ L. 67/1993, 3. gr.

■ **79. gr.** [Hafi umsókn, sem var til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum fyrir 1. janúar 1992, ekki verið auglýst fyrir þann tíma í samræmi við 13. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 gilda ákvæði þessara laga um meðferð umsóknarinnar.]¹⁾

¹⁾ L. 67/1993, 4. gr.

■ **80. gr.** Nú hagnýtir einhver við gildistöku laga þessara í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu sem ekki hefur verið unnt að veita einkaleyfi fyrir samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 eða gerir verulegar ráðstafanir til að hagnýta slíka uppfinningu. Honum er þá heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram í samræmi við 4. gr. þessara laga óháð því hvort hagnýtingin eða ráðstafanir þar að lútandi hófust eftir að umsókn um einkaleyfi fyrir viðkomandi uppfinningu var lögð inn og óháð því hvort einkaleyfi verður síðar veitt fyrir henni.

□ Nú hagnýtir einhver við gildistöku laga þessara í atvinnuskyni hér á landi uppfinningu, sem annar hefur einkaleyfi fyrir, án þess að sú hagnýting sé óheimil með tilliti til 5. gr. laga nr. 12 20. júní 1923, eða gerir verulegar ráðstafanir til slíkrar hagnýtingar. Honum er þá heimilt að halda þeirri hagnýtingu áfram innan sömu marka þrátt fyrir að hagnýtingin væri óheimil skv. 3. gr. þessara laga. Aðilaskipti að slíkum rétti geta einungis orðið í tengslum við aðilaskipti að þeim atvinnurekstri þar sem rétturinn er hagnýttur eða þar sem til stóð að beita honum.

■ **81. gr.** Nú hefur uppfinning orðið kunnug almenningi fyrir gildistöku laga þessara vegna aðgerða af hálfu umsækjanda eða einhvers sem hann sækir rétt sinn til. Ef lögð er inn umsókn um einkaleyfi fyrir þeirri uppfinningu innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara skulu einungis ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 12 20. júní 1923 gilda við mat á því að hve miklu leyti hægt sé að veita einkaleyfi með tilliti til ofangreindra aðgerða eða að hve miklu leyti veitt einkaleyfi verði ógilt.

■ **82. gr.** Árgjöld af einkaleyfum, sem veitt hafa verið eða veitt verða í samræmi við eldri lög, gjaldfalla í fyrsta sinn þegar einkaleyfisgjald samkvæmt núgildandi reglum, sbr. 8. gr. rg. nr. 59/1966, hefði næst átt að gjaldfalla eftir gildistöku laga þessara. Eftir það gjaldfalla þau í samræmi við ákvæði laga þessara.

□ Greiða skal árgjöld af umsóknum sem lagðar hafa verið inn fyrir gildistöku laga þessara. Árgjald fyrir slíkar umsóknir reiknast í fyrsta sinn frá þeim almanaksdegi eftir gildistöku laganna sem umsóknin var upphaflega lögð inn á. Árgjöld fyrir fyrstu tvö gjaldárin eftir gildistöku laganna falla þó ekki í gjalddaga fyrr en árgjald fyrir þriðja gjaldár gjaldfellur.